

## Framhaldsaðalfundur ÍPS, haldinn miðvikudaginn 13. apríl 2016.

Ingibjörg Magnúsdóttir, formaður ÍPS, setti fundinn.

Mættir voru:

Í Reykjavík: Friðrik Diego, Hallgrímur Egilsson, Helgi Magnússon, Ingibjörg Magnúsdóttir, Petrea Kr. Friðriksdóttir, Sigríður G. Jónsdóttir, Vignir Sigurðsson, Vitor Charrua og Pröstur Ingimarsson.

Á Akureyri (og Húsavík): Guðrún Þórðardóttir, Hallur Guðmundsson, Haraldur Ingólfsson, Hinrik Þórðarson, Jóhanna Bergsdóttir, María Marinósdóttir, Trausti Tryggvason, Viðar Valdimarsson og Viðar Freyr Viðarsson.

Á Siglufirði: Ólafía Guðmundsdóttir

### 1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Petrea Kr. Friðriksdóttir var kjörin fundarstjóri og Haraldur Ingólfsson fundarritari. Á dagskrá fundarins voru annars vegar lagabreytingar og hins vegar kosning stjórnar.

### 2. Tillögur stjórnar að lagabreytingum.

Ingibjörg kynnti tillögur stjórnarinnar um breytingar á lögum sambandsins.

#### Grein 1

Í stað orðsins „Kópavogi“ komi „Reykjavík“ og greinin verði þá svohljóðandi: "Félagið heitir Íslenska pílukastsambandið, skammstafað Í.P.S. Lögheimili þess er í Reykjavík."

*Samþykkt samhljóða.*

#### Grein 4

Óskað var eftir því að greidd yrðu atkvæði um breytingu á þessari grein í tvennu lagi, fyrri hluti greinarinnar sér og síðari hluti sér.

Nokkrar umræður sköpuðust um það hve þröng skilyrði ættu að vera fyrir því að taka þátt í Íslandsmóti og stigamótum (og eiga þar með möguleika á landsliðssæti). Komu bæði fram það sjónarmið að með tillögunni eins og hún liggur fyrir sé ÍPS að setja sams konar reglu og gildir hjá WDF, en einnig var bent á að ÍPS væri heimilt að hafa þetta skilyrði þrengra. Skiptar skoðanir voru um það hvort keppendur sem ekki væru gjaldgengir í landslið ættu að fá að spila á stigamótum eða ekki.

Í stað núverandi texta komi eftirfarandi: „Meðlimur Sambandsins er hver sá sem er skráður félagi og hefur greitt félagsgjald hjá pílufélagi með aðild að Í.P.S. Meðlimir sambandsins geta aðeins átt aðild að einu pílufélagi hverju sinni.“

*Samþykkt samhljóða*

„Skilyrði fyrir þátttöku í Íslandsmótum og stigamótum Í.P.S. er að einstaklingur hafi íslenskan ríkisborgararétt eða hafi búið á Íslandi samfleytt í þrjú ár.“

Áður en kom til atkvæðagreiðslu um seinni hlutann kom fram breytingatillaga frá Presti Ingimarssyni, svohljóðandi: „Skilyrði fyrir þátttöku á mótum sem gefa stig til landsliðs er að einstaklingur sé gjaldgengur í íslenska landsliðið samkvæmt lögum WDF.“

*Tillagan var felld.*

*Fyrri tillaga var þá borin undir atkvæði og hún felld.*

Ný tillaga um viðbót við 4. grein frá Haraldi Ingólfssyni: „Skilyrði fyrir þátttöku í Íslandsmótum og stigamótum Í.P.S. er að einstaklingur hafi íslenskan ríkisborgararétt.“

*Tillagan var felld.*

### **Grein 9**

Lagt er til að fækkað verði í stjórn sambandsins úr sjö í fimm og að í stað orðsins „formaður“ og „varaformaður“ komi „forseti“ og „varaforseti“. Töluliðir 1 og 2 í 9. grein verði þá svohljóðandi (töluliður 3 óbreyttur):

Stjórn sambandsins skipta fimm manns og skal kosið til tveggja ára í senn:

1. Forseti og ritari verða kosnir á sléttum ártölum.
2. Gjaldkeri, varaforseti og einn meðstjórnandi verða kosnir á oddatöluártölum.

*Greidd voru atkvæði sérstaklega um þá breytingu að fækka stjórnarmönnum úr sjö í fimm og var það samþykkt. Þá voru greidd atkvæði um síðari hluta tillögunnar og var hún samþykkt.*

### **3. Aðrar tillögur sem borist höfði til stjórnar**

#### **Grein 12**

Fyrir fundinum lá tillaga frá Haraldi Ingólfssyni um að 12. grein verði svohljóðandi, ásamt viðbót sem fram kom á fundinum og komi í stað núverandi greinar:

„Lögum þessum má einungis breyta á aðalfundi, aukaaðalfundi eða framhaldsaðalfundi og nægir einfaldur meirihluti atkvæða til að breyting sé lögleg.“

Tillögur til lagabreytingar skal leggja fram í síðasta lagi viku fyrir boðaðan aðalfund og skal stjórn sambandsins strax að þeim fresti liðnum kynna framkomnar tillögur opinberlega.“

*Samþykkt.*

### **4. Kosning til stjórnar**

Þessi voru kjörin í stjórn sambandsins í samræmi við nýsamþykka breytingu á grein 4 í lögum þess:

Forseti: Ingibjörg Magnúsdóttir

Varaforseti: Hallgrímur Egilsson

Gjaldkeri: Hannes Jón Jónsson

Ritari: Anna Friðrikka Guðjónsdóttir

Meðstjórnandi: Bjarni Sigurðsson

Varamaður: Ólafía Guðmundsdóttir

Endurskoðandi Reikninga: Guðrún Þorbjörg Þórðardóttir

Tveir voru í framboði til meðstjórnanda, Bjarni Sigurðsson frá Píludeild Þórs og Helgi Magnússon frá Pílufélagi Reykjanesbæjar. Bjarni var kjörinn, hlaut 11 atkvæði, Helgi hlaut 7. Sjálfkjörið var í önnur embætti.

## 5. Önnur mál

Enginn kvaddi sér hljóðs.

*Fundi slitið um kl. 20:40.*

*Fundargerð ritarði Haraldur Ingólfsson, Píludeild Þórs.*